



Hlíðaskóli – heildarmat á skólastarfi

Desember 2007

Ritun skýrslu: Birna Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri á Menntasviði.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
Mat á skólastarfi	4
Nám og kennsla	6
Skimanir og árangur í samræmdum prófum	6
Markmið og áætlanir	7
Skipulag skólastarfs.....	7
Einstaklingsmiðað nám – fjölbreyttar leiðir í námi.....	8
Sérkennsla	10
Táknmálssvið	12
Nemendur og líðan	15
Félagslíf og skemmtanir	15
Reglur og agi	16
Fjarvera nemenda	17
Foreldrar, samskipti og upplýsingamiðlun.....	18
Starfsmenn og líðan.....	18
Samstarf.....	19
Starfsandi.....	20
Samskipti við nemendur og foreldra	20
Fjarvera starfsmanna	21
Tæki og gögn.....	21
Símenntun.....	21
Stjórnun og skipulag.....	22
Stefnumótun	23
Heimasíða.....	23
Skólanámskrá	24
Sjálfsmat og umbótaáætlun	24
Húsnæði og aðbúnaður.....	25
Greining.....	26
Samantekt ábendinga.....	26
Heimildir	29

Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum heildarmats í Hlíðaskóla sem fram fór í nóvember 2007. Matið var framkvæmt af starfsfólki Menntasviðs Reykjavíkur. Hlíðaskóli var einn af átta skólum þar sem Menntasvið ákvað að fram færi heildarmat á skólastarfi skólaárið 2007-2008. Matið fór fram með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum ásamt því að farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið var: ***Vellíðan og árangur nemenda og kennara/starfsfólks skóla og ánægja foreldra með skólastarfið.***

Matið er liður í að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum er höfð til viðmiðunar í matinu auk annarra ramma um skólastarf; laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnumótunar borgarinnar í starfsmannamálum og mannréttindamálum.

Skólastjóri Hlíðaskóla er Krístrún G. Guðmundsdóttir og aðstoðarskólastjórar eru Ingibjörg Möller og Berglind Stefánsdóttir. Hlíðaskóli er heildstæður grunnskóli fyrir nemendur 1.-10. bekkjar. Í skólann voru skráðir 522 nemendur í 23 bekkjardeildum skólaárið 2007-2008 sem er um 99% af fjölda nemenda sem á lögheimili í skólahverfinu. Að meðaltali eru 22.7 nemendur í bekkjardeild. Við skólann er starfandi táknmálssvið þar sem stunda nám 23 heyrnarskertir og heyrnarlausir nemendur skólaárið 2007-2008. Samkvæmt nemendaspá er gert ráð fyrir að nemendum Hlíðaskóla fjölgi heldur og verði um 590 eftir fjögur ár eða 2011. Við skólann voru haustið 2007 starfsmenn í um 92 stöðugildum þar af kennarar í 62.5 stöðugildum. Samkvæmt þessu eru um 5.6 nemendur á hvert stöðugildi, en í borginni í heild eru að meðaltali 7.3 nemendur á stöðugildi. Ef aðeins er miðað við kennara í Hlíðaskóla eru um 8 nemendur á hvert stöðugildi.

Skólastarf hófst í Hlíðahverfi 1954 og 1960 var flutt í fyrsta áfanga nýs skólahúsnæðis við Hamrahlíð. Byggt hefur verið við skólann í áföngum, nú síðast viðbygging sem tekin var í notkun 2006. Heildarstærð skólans er 7.945 m².

Mat á skólastarfi

Ákvæði um ytra mat er í 51. gr grunnskólalaga, þar segir m.a.: „Menntamálaráðherra ber ábyrgð á að fram fari mat á skólum og skólastarfi sem ætlað er að tryggja að skólahald sé í samræmi við ákvæði laga og aðalnámskrár.“ Innra mat, sjálfsmat skóla er einnig bundið í grunnskólalögum 49. gr., þar segir m.a.: „Sérhver grunnskóli innleiðir aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans.“

Á vegum Menntasviðs Reykjavíkur eru reglulega gerðar kannanir skólastarfi og eru grunnskólarnir hvattir til að nýta niðurstöður þeirra í innra mati.

Menntaráð ákvað vorið 2007 að láta fara fram heildarmat í 6-7 skólum á ári. Skipaður var stýrihópur starfsmanna á Menntasviði ásamt ráðgjafa til að sjá um framkvæmd matsins undir stjórn Birnu Sigurjónsdóttur, verkefnisstjóra.

Markmið heildarmats eru að:

- Aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum
- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum

Stýrihópurinn hafði til hliðsjónar eftirfarandi ferli sem mótað hafði verið í vinnu starfshóps á vegum menntaráðs sem starfaði skólaárið 2006-2007.

Tímarammi

Gert er ráð fyrir að allt matsferlið taki sex vikur og viðtöl og vettvangsathuganir fari fram á 1-2 vikum innan þess tíma.

- | | |
|---|----------|
| • Ákvörðun tekin um athugun í skóla | vika 1 |
| • Haft samband við skólann og látið vita af fyrirhugaðri heimsókn | vika 1 |
| • Upplýsingum safnað saman/prófill skólans/heimasíða skoðuð | vika 1 |
| • Viðtöl við skólastjórnendur, kynning fyrir starfsfólki | vika 2 |
| • Vettvangsathuganir, rýnihópar | vika 3 |
| • Úrvinnsla og skýrslugerð | vika 4-5 |
| • Skóla gefst færi á að lesa yfir skýrslu | vika 5 |
| • Skýrsluskil – formleg | vika 6 |
| • Upplýsingar til menntaráðs | vika 6 |

Aðferðir við gagnaöflun:

- Viðtöl við stjórnendur og fulltrúa kennara og foreldra/fundur með foreldraráði, fundur með nemendaráði
- Rýnihópar – stjórnendur, kennarar, list- og verkgreinakennarar, annað starfsfólk, foreldrar, nemendur (tveir hópar)
- Vettvangsathuganir með gátlista
 - Athugun á skólabrag og kennslu í kennslustundum og hléum
 - Athugun í skóla
 - Athugun í skólastofu
- Farið yfir gögn:
 - Skólanámskrá (nýjustu útgáfu)
 - þ.m.t. mannréttindaáætlun
 - og skipurit skóla
 - Yfirlit yfir forföll nemenda og kennara fyrir vorönn 2007
 - Sjálfsmatsskýrsla og umbótaáætlun
 - Heimasíða skólans
 - Stundaskrár 2007-2008 – sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi
 - Kennsluáætlanir 2007-2008 – sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi
 - Símenntunaráætlun skóla (nýjustu útgáfu)
 - Yfirlit yfir stöðu skólans í könnunum, skimunum og samræmdum prófum
 - Önnur þau gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Gerð verður ítarleg skýrsla um hvern skóla sem skapar umræður innan skólans, er jákvæð og bendir á styrkleika skólans og veikleika.
- Drög að skýrslu verða send skólastjórnendum sem geta gert athugasemdir en ekki breytt skýrslunni nema rangt sé með farið.
- Fundað með skólastjórnendum og með foreldraráði og niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins.

Frekari eftirfylgni ef þörf er á:

- Komið á samstarfi skóla/netverki um ákveðna þætti sem þarf að vinna með.
- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá Menntasviði eða þjónustumiðstöðvum.

Samantekt niðurstaðna og greining á stöðu skólans verður opinbert skjal en skýrslan verður vinnuskjal skólans.

Nám og kennsla

Í þessum kafla verður fjallað um helstu þætti náms og kennslu í Hlíðaskóla með hliðsjón af niðurstöðum skólans í samræmdum prófum, skimunum og könnunum, auk þess sem fram kemur í gögnum sem safnað var við matið.

Skimanir og árangur í samræmdum prófum

Lesskimunarprófið Læsi var lagt fyrir í 2. bekk Hlíðaskóla vorið 2007 og var niðurstaða þess að 62% nemendahópsins töldust geta lesið sér til gagns¹ sem er heldur lægra hlutfall en meðaltal í grunnskólum Reykjavíkur (66%). Meðalárangur nemenda í 2. bekk Hlíðaskóla var vorið 2007 um 70% en meðalárangur allra nemenda í Reykjavíkur sem þátt tóku í prófinu var 71%. Um 22% nemendahópsins nær aðeins 50% árangri sem er herra hlutfall en að meðaltali í Reykjavíkur (20%), þetta er sá hópur sem þarfnast þess að gerð sé einstaklingsáætlun í lestri.

Þegar prófið var lagt fyrir 2. bekk vorið 2006 var meðalárangurinn 75% og gátu 76% nemenda lesið sér til gagns.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Árangur nemenda í lestri í 2. bekk er lakari árið 2007 en árið á undan og meðalárangur er heldur lægri en í Reykjavíkur í heild. Mikilvægt er að skoða þann mun sem kemur fram milli ára. Sóknarfæri er fyrir skólann að bæta árangur nemenda í lestri, ekki síst þeirra sem lakast standa.

Stærðfræðiskimun með Talnalykli var lögð fyrir nemendur í 3. bekk nóvember 2006, og var meðalárangur nemenda í Hlíðaskóla í þættinum *Reikningur og aðgerðir* mælitalega 10.9 sem er aðeins herra en meðalárangur í Reykjavíkur (10.8). 71% nemenda fóru aðeins í þann prófþátt og teljast ekki líklegir að þurfa stuðning í stærðfræði. Af þeim hópi sem tók allt prófið teljast tæp 7% þurfa stuðning eða sérkennslu í stærðfræði en að meðaltali í grunnskólum Reykjavíkur teljast 10% nemenda líklegir að þurfa stuðning í stærðfræði. Árangur nemenda í 3. bekk Hlíðaskóla 2007 er heldur lakari en árið 2006, þá tóku 92% aðeins prófþátt I og meðalárangur var 11.8.

¹ Þeir nemendur teljast geta lesið sér til gagns sem ná a.m.k. 65% árangri á prófinu.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Góður meðalárangur er í stærðfræðiskimun í 3. bekk 2007 en þó er árangur aðeins lakari en árið á undan. Ástæða er til að huga vel að stærðfræðinámi í yngri deildum.

Samræmd próf – framfarastuðull²

Framfarastuðull nemenda í Hlíðaskóla 2006 er 1.01 í íslensku í 10. bekk sem telst venjulegar framfarir nemenda, í stærðfræði í 10. bekk er framfarastuðullinn 1.04 sem er aðeins yfir venjulegum framförum nemenda. Í íslensku í 7. bekk er framfarastuðullinn 1.01 sem telst venjulegar framfarir nemenda, en í stærðfræði í 7. bekk er framfarastuðullinn 1.04 sem er aðeins yfir venjulegum framförum (sjá nánar í fylgiskjali 1, Hlíðaskóli og skólahverfi).

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Nemendum fer eðlilega fram í námi í íslensku milli 7. og 10. bekkjar og milli 4. og 7. bekkjar.
- Í stærðfræði eru framfarir yfir venjulegum framförum milli 7. og 10. bekkjar og milli 4. og 7. bekkjar sem bendir til styrkleika í stærðfræðikennslu.

Markmið og áætlanir

Markmið einstakra greina eftir árgöngum eru sett fram í skólanámskrá fyrir skólaárið og eru það þrepamarkmið úr Aðalnámskrá. Í handbók skólans kemur fram að í upphafi skólaárs er foreldrum boðið í heimsókn í skólann þar sem þeir fá afhenta námsvísa fyrir árganginn.

Á heimasíðu skólans er krækja í námsáætlanir 8.-10. bekkja en ýmist vantar þar inn upplýsingar eða þær eru gamlar. Sýnishorn voru skoðuð af kennsluáætlunum í stærðfræði og náttúrufræði í 8. bekk fyrir fyrstu önn 2007 þar sem tilgreint er hvaða námsþætti verður farið í eftir vikum. Í yngri deildum senda umsjónarkennarar vikuáætlanir heim. Flestir kennarar nota Mentor til að setja upp áætlanir og gera þær aðgengilegar foreldrum.

Ekki koma fram upplýsingar um að nemendur geri sér sjálfir áætlun fyrir nám og vinnu. Meginreglan virðist vera að kennari setur markmið og gerir áætlun sem nemendur fylgja.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Námsvísar með markmiðum fyrir árganga í öllum greinum eru birtir í skólanámskrá og afhentir foreldrum á kynningarfundum að hausti.
- Í námsvísunum í skólanámskrá er ekki fjallað um leiðir í kennslu eða námsmat.
- Kennarar í unglingadeild gera kennsluáætlun fyrir önnina. Áætlunin gildir fyrir árganginn. Gerðar eru vikuáætlanir fyrir yngri deildir.
- Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt.

Skipulag skólastarfs

Í Hlíðaskóla hefst kennsla kl. 8:10 að morgni. Stundataflan er skipulögð í 40 mínútna kennslustundir sem eru samliggjandi tvær og tvær. Frímínútur eru 20 mínútur milli 2. og 3. stundar, 10 mínútur milli 6. og 7. stundar eða 7. og 8. stundar, matarhlé er í 20 mínútur. Að

² Framfarastuðull gefur vísbendingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því árgangurinn preytti samræmd próf fyrr á námsferlinum. Talan 1.00 merkir venjulegar framfarir nemenda. Tölur 0.94 eða lægri og 1.06 eða hærri benda til mikilla breytinga á stöðu nemenda.

auki er 30 mínútna hádegishlé hjá nemendum á yngsta og miðstigi og 10 mínútur hjá nemendum í unglingadeild. Borðað er í þremur hópum á bilinu 11:10-12:40.

Skoðaðar voru stundatöflur 1.-10. bekkja. Á grunntöflu 1. bekkjar eru skráðir 30 tímar, á töflum 2.-7. bekkjar ýmist 34 eða 35 tímar sem skýrist væntanlega af sundtímum sem ekki eru alls staðar inni á töflu. Á grunntöflum 8. og 9. bekkjar eru skráðir 28 tímar og 10. bekkjar 26 tímar af 37 tímum, þar koma væntanlega til viðbótar valgreinar einstakra nemenda.

Upplýsingar um valgreinar sem standa nemendum til boða er ekki að finna í þeim gögnum sem skoðuð voru. Fram kemur í handbók að breytingar sem verða þegar nemendur hefja nám í unglingadeild eru kynntar foreldrum á fræðslufundi vorið sem nemendur ljúka 7. bekk.

Stundatöflur nemenda eru ekki birtar á heimasíðu skólans en eru aðgengilegar foreldrum á Mentor.

Skipurit skólans er birt í handbók skólans.

Stofur eru læstar og kennarar opna fyrir nemendum. Hjá nemendum kemur fram að kennarar komi stundum of seint til kennslu og þau bíði fyrir utan stofuna án útskýringa.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Skipurit skólans er birt í handbók skólans.
- Upplýsingar um val nemenda koma ekki fram í handbók eða skólanámskrá.

Einstaklingsmiðað nám – fjölbreyttar leiðir í námi

Í 1.-4. bekk er mikil samvinna kennara og nemenda innan hvers árgangs og eru 4 kennarar ábyrgir fyrir árganginum í hópastarfi. Í hópastarfinu er bekkjardeildunum þremur blandað og skipt í þrjá hópa 15 kennslustundir á viku. Sömuleiðis er árganginum skipt upp í smíðjur fjórar kennslustundir á viku.

Að sögn kennara er ekki til markmiðslýsing fyrir hópastarfið eða stefnumörkun. Skipulag hópastarfsins er þannig að einn kennari tekur að sér íslenskukennslu (lestur og móðurmál), annar stærðfræði, þriðji samfélagsfræði. Nemendur fara þá á milli stofa og vinna að fjölbreyttum verkefnum undir stjórn kennarans. Í upphafi hóptíma er innlögn eða fyrirmæli kennara um verkefni tímans og síðan vinna nemendur að verkefninu með aðstoð frá kennara. Eftir að verkefni tímans lýkur geta nemendur valið sér viðbótarverkefni. Í vettvangsathugun frá 12. nóvember segir:

Mjög rólegur og afslappaður vinnukliður var í stofunni. Börnin töluðu saman í lágum hljóðum og öll samskipti voru á jákvæðu nótunum. Börnin virtust vita mjög vel hvaða verkefni þeim stóðu til boða þegar þau höfðu lokið verkefni dagsins. Bekkjarstjórn og agi virtust undir styrkri stjórn og öruggri ... Á veggjum stofunnar var margt sem benti til mjög fjölbreyttra verkefna sem nemendur hafa unnið“ (sjá fylgiskjal 2, vettvangsathuganir).

Almennt eru kennarar sáttir við hópastarfið en þó koma fram ólík sjónarmið, s.s. að umsjónarkennari missi að einhverju leyti tengsl við sína nemendur og einnig að heyrnarskertir nemendur ráði illa við það að skipta um stofur og kennara og þeim nýtist því þessi kennsla illa. Kennari sem er með stóran hóp heyrnarskertra nemenda í 3. bekk telur hópastarfið nýtast

þeim sérstaklega illa. Kennslufyrirkomulagið sé ekki lagað að þörfum heyrnarskertu nemenda og því þurfi að endurtaka það sem farið er yfir í hópastarfinu með þeim sérstaklega.

Nemendur í 5.-7. bekk blandast ekki í vinnu eins og yngri nemendur, heldur er hver bekkur í sinni stofu. Yfirleitt er borðum raðað þannig að 2-4 sitja saman og snúa að töflunni. Sameiginleg áætlun virðist vera fyrir árganginn. Miðað við það sem er á veggjum í skólastofum á miðstigi eru vinnuaðferðir fjölbreyttar, á veggjum eru verkefni nemenda, t.d. um fugla, veðurfar, ströndina og haustið. Í vettvangsathugun eru nemendur yfirleitt að vinna að sama verkefni á sama tíma en ekki eru endilega allir á sama stað í vinnubókum. Töluverð áhersla er á heimavinnu, stundum of mikil að mati nemenda. Nemendur í 5. bekk skrifa hjá sér í Kompu heimavinnu fyrir vikuna, kemur fram í vettvangsathugun. Almenn er góður vinnufriður í þeim kennslustundum sem komið var inn í og styrk bekkjarstjórn kennara. Í einum bekknum eru tveir nemendur sem nota táknmál. Þar voru þrír fullorðnir í stofunni, auk kennara, tveir sinna hver sínum nemanda og sá þriðji situr með hópi sem í eru þrír nemendur (sjá fylgiskjal 2, vettvangsathuganir).

Nemendur á miðstigi segja vera meiri áherslu á bekkjarkennslu en einstaklingsverkefni, þó eru dæmi um nemendur sem „eru á undan“ í vissum fögum og jafnvel öllum. Krakkar í rýnihóp eru almennt ánægðir með kennara sína, en fram kemur að sum þeirra hafa marga kennara. Nemendur í 5. bekk hafa meira samband við umsjónarkennara en nemendur í 7. bekk.

Í unglingadeild er faggreinakennsla og fara nemendur á milli stofa. Í flestum stofum unglingadeildar er borðum raðað þannig að nemendur sitja einir í röðum og snúa að töflu. Í þeim tímum sem komið var inn í vettvangsathugun voru nemendur að vinna einir, að sama verkefni eftir einni skipan. Stofurnar bera ekki mikil merki um vinnu nemenda, undantekning frá því er dönskustofa sem er ríkulega búin verkefnum nemenda. Flest bendir til hefðbundinna vinnubragða í námi og kennslu í unglingadeild. Heimanám er mismikið eftir kennurum, og getur verið dagamunur, en nemendur eru sáttir við það og finnst það hvorki of lítið eða of mikið. Námsstækni er kennd í lífsleiknitímum.

Nemendur í unglingadeild eru ánægðastir með það þegar kennarar gefa sér góðan tíma til að útskýra og „tala við okkur eins og manneskur“. Fram kemur að áherslan er á kennslu fyrir bekkinn sem hóp, fyrst er útskýrt fyrir bekknum og svo þeim sem biðja um hjálp. „Sumir kennarar tala niðurlægjandi til þeirra sem eiga erfitt með að skilja“, kom fram í rýnihópi nemenda á unglingastigi. Flestir krakkarnir eru ánægðir með sinn umsjónarkennara.

Í vinnustaðagreiningu 2007 svarar starfsfólk Hlíðaskóla spurningunni „Hversu vel eða illa telur þú ganga að sinna einstaklingsbundnum þörfum nemenda í þínum skóla?“ að meðaltali töluvert lægra en starfsfólk í grunnskólum almennt (2,76 í Hlíðaskóla en 3,42 í öllum grunnskólum, lægsta gildið í Reykjavík er 2,73).

Miðað við vettvangsathuganir og gögn úr matsheimsókn er vinna eftir stefnu borgarinnar um einstaklingsmiðað nám í yngri deildum komin vel á veg en skemur í eldri deildum þar sem skipulag náms er miðað við bekkinn og nemendur að vinna oftast að sama verkefni eftir einni skipan.³ Námi er skipt eftir námsgreinum og faggreinakennsla á unglingastigi.

³ Vert er að taka fram að matið og vettvangsathugun byggir á stuttu innliti í skólastofur og kennslustundir þannig að ekki fæst yfirsýn yfir langtímaverkefni og markmið.

Í stofum 1.-4. bekkjar er borðum raðað í eyjar 4-6 saman sem bendir til samvinnu nemenda þó oftast í vettvangsathugun hafi nemendur verið að vinna hver að sínu verkefni. Sums staðar er borðum raðað í U. Uppröðun í stofur í unglingadeildum er í röðum þar sem nemendur snúa fram og kennari kennir frá töflu. Nemendur voru oftast að vinna einir að verkefnum eftir sömu fyrirmælum og áætlun (sjá nánar vettvangsathuganir, heimsóknir í bekki, fylgiskjal 2).

Í námsvísunum í skólanámskrá kemur ekki fram hvort kennarar nota fjölbreyttar aðferðir og leiðir í kennslu og námstillhögun bæði í yngri og eldri deildum. Í vettvangsathugunum reyndist fjölbreytnin meiri í yngri deildum en eldri. Í yngri deildum var einnig meira um samvinnu nemenda. Í stofum sem heimsóttar voru mátti sjá góða stjórn kennara og vinnufriður og ró var reglan (sjá nánar vettvangsathuganir, heimsóknir í bekki, fylgiskjal 2).

Töluverð áhersla er á heimanám a.m.k. á miðstigi og í unglingadeildum. Nemendum unglingadeild finnst heimanám vera hæfilegt en á miðstigi finnst þeim það stundum of mikið. Fram kemur að heimanám er mismikið eftir kennurum.

Að mati foreldra einkennir metnaðarfullt starf skólann, kennarar hafa almennt góða fagþekkingu og metnað fyrir að nemendur nái árangri en þó kemur fram að ekki sé alltaf mætt þörfum nemenda sem best standa, né þeirra sem þurfa stuðning við námið.

Námsmat

Nemendur fá vitnisburð tvisvar á ári í janúar og júní. Námsstaða nemenda er könnuð með ýmsum hætti allt skólaárið kemur fram í handbók skólans. Einkunn er gefin í tölum frá 1-10. Í kennsluáætlun fyrir stærðfræði í 8. bekk kemur fram að vinnubók, ástundun, umgengni og hegðun í tímum gildir 20% af loka-einkunn á mótí kaflaprófum og skyndiprófum.

Stefnt er að því að sögn skólastjóra að þróa fjölbreyttara námsmat.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Almennt mátti sjá styrka stjórn kennara og vinnufrið í stofum sem heimsóttar.
- Þróunarstarf hefur verið unnið með hópastarf í yngri deildum.
- Skoða þarf hvort eða hvernig hópastarfið hentar heyrnarskertum nemendum.
- Kennsluhættir á unglingastigi virðast hefðbundnir, þ.e. allur hópurinn að vinna eftir einni skipan. Skoða þarf hvort komið er til móts við þarfir allra nemenda
- Taka þarf markviss skref í átt að því að nám verði einstaklingsmiðaðra og nemendur fái nám við hæfi.
- Þróað verði fjölbreytt námsmat í öllum árgöngum.

Sérkennsla

Deildarstjóri í sérkennslu er í 80% stöðu og með starfslýsingu þar sem verkefni og ábyrgðarsvið er skilgreint. Skimanir eru á hendi deildarstjóra, öll pappírsvinna og yfirlit yfir tíma, að manna forföll, fundir með sérfræðingum úti í bæ, barnaverndarmálin, skrifa og svara erindum, skrifa bréf og alltaf verið að reyna að fá meira fjármagn. Verkefnin eru mörg og alltaf ný og ný mál. Álagið er mikið og ekki hægt að komast yfir alla hluti sem þarf að sinna. Sem dæmi má nefna að flóttamenn koma fyrirvaralítið og þeim verður að sinna. Það bætist ofan á álagið sem var fyrir.

Greiningarvinna er órætt mál að mati sérkennara, ákveðinn sérkennari sá áður um greiningavinnu fyrir skólann og var sú vinna keypt af henni sérstaklega. Markvisst er skimað eftir nemendum með sérþarfir í yngri deildum. Það er líka gert í 9. bekk og svo er skoðaður

árangur í samræmdum prófum í 4. og 7. bekk. Reynt er að veita þeim sérkennslu sem þurfa í samráði við bekkjarkennara. Þjónustan virðist vera að skila sér því ásókn í skólann er mikil fyrir börn með sérkennsluþarfir.

Starfsfólk er gott að mati rýnihóps og góðir fagmenn í vinnu. Síðastliðið haust voru ráðnir þrír þroskaþjálfar sem er góð viðbót, stuðningsfulltrúar eru góðir, engin stéttaskipting og frábært fólk.

Sérkennsla fyrir nemendur með námserfiðleika fer almennt fram í hópum utan bekkjar, t.d. í formi námskeiða þar sem teknir eru fyrir einstaka námsþættir, s.s. stafsetning. Yngri börnunum finnst oftast skemmtilegt að koma í sérkennsluna, börnin eru ánægð og vilja koma í skólann.

Í almennum skólastofum er aðstaða þokkaleg til að vera með fötluð börn. Stuðningsfulltrúar inni í bekk eru misvel inni í skipulagi og framkvæmd kennslu. Ef þroskaþjálfari er með barn þá sér hann alveg um það.

Sérkennarar og þroskaþjálfar gera einstaklingsnámskrár fyrir fatlaða nemendur, og ef umsjónarkennarinn kennir barninu þá kemur hann að gerð einstaklingsnámskrár. Sumir nemendur eru með teymi í kringum sig og eru það einkum þau börn sem víkja hvað mest frá. Þeir sem vinna sérstaklega með barninu eins og sérkennarar ræða saman um barnið, en ekki eru fastir fundir með umsjónarkennurum barnanna. Fram kom að samvinna umsjónarkennara og sérkennara er ekki mikil og háð velvilja umsjónarkennarans.

Mismunandi er eftir fötlun hve mikil samskipti eru við foreldra, mikið fötluð börn eru á ábyrgð sérkennarans, segir deildarstjórinn. Sérkennarar reyna að stýra krökkunum í samskipti. Kennsluaðstæður eru hefðbundnar og bjóða ekki mikið upp á félagsleg samskipti.

Viðhorf - stefnumótun

Stefna skólans er einstaklingsmiðuð í orði en síður á borði að mati rýnihóps. Það koma fötluð börn með veruleg frávik og það er ekki til fjármagn til að sinna þessum börnum. Þyngd mála í skólanum er mikil og eru kennarar alltaf að bjarga málum. Ekkert er til um hvert hlutverk umsjónarkennarans er gagnvart fötluðum nemendum. Umsjónarkennarar eru með mismunandi viðhorf til sérkennslunnar, það hefur ekki verið rætt sérstaklega, en þörf er fyrir umræðu um það. Stjórnendur þurfa að fara í að skilgreina hlutverk kennarans og sérkennarans. Sérkennsla fyrir börn sem eru með greindarskerðingu er ekki í umræðunni innan skólans, en ætti að vera það. Mismunandi viðhorf eru til nemendanna í skólanum eftir fötlun þeirra, sem birtist í því að nemendur sem eru kannski með laka námsgetu á móti nemendum sem eru mikið fatlaðir að þá fær nemandinn með laka námsgetu ekki nám við hæfi en sá mikið fatlaði fær hana.

Aðbúnaður, tæki og gögn

Sérkennslustofur eru miðsvæðis og smart-tafla til staðar. Rými er nægjanlegt, til dæmis er málörvunardeildin góð og stór. Aðstaða er því til staðar í skólanum fyrir börn sem þurfa sérkennslu en hún er samt óhentug að mati sérkennara.

Mataraðstaða er góð. Húsnæðið er ekki með hvíldaraðstöðu en það eru til bekkir til hvíldar. Salerni er byggt fyrir fatlaða en þar er ekki hægt að koma hjólastól að vegna þrengsla. Salerni eru sérstaklega hönnuð fyrir fatlaða en engin lyfta og engar sturtur ef eitthvað kemur upp á eins og með þrif og slíkt vegna fatlaðra einstaklinga. Aðgengi inn í skólastofu fyrir fötluð

börn er frekar þungt, þegar barn er í hjólastól er erfitt að komast fyrir með hjólastólinn. Sérstóla þarf að kaupa, en stigar og fleira er erfitt að eiga við.

Tölvur eru of gamlar og nýttast ekki í kennslu. Æskilegt að hafa aðgang að fartölvuveri, en það er ekki til fjármagn til að endurnýja tæki og tölvur. Tölvumiðstöð fatlaðra er til og þar er hægt að fá lánuð tæki en það er á gráu svæði hvað skólinn á að útvega og hvað Tryggingastofnun og aðrar stofnanir eiga að útvega.

Hegðunarver

Börn eiga til að festast í hegðunarveri, verið er þó stundum tomt, í fyrra voru mest fimm börn í þessu veri, m.a. tourett-einstaklingar. Þrír aðilar unnu með þessa fimm nemendur í hegðunarverinu.

Ráðgjöf innan skólans

Sérkennarar veita ráðgjöf innan skólans, ráðgjafateymi er virkt. Ekki hægt að sinna greiningum og slíku innan skólans eins og er vegna álags. Verið er að innleiða SMT - agakerfið, allir eru í því og ekki gert ráð fyrir miklum tíma í aðra hluti.

Nemendaverndaráð

Ferill er til fyrir nemendaverndarráð og nýir kennarar fá kynningu á þessum ferli. Í handbók skólans eru upplýsingar um ráðið.

Þjónustumiðstöð

Aðgengi er erfitt að þjónustumiðstöð, áður var hægt að biðja um ráðgjöf á Fræðslumiðstöð en núna er t.d. enginn þroskaþjálfari til að hjálpa í sértækum erfiðleikum. Það hefur þó verið hægt að fá meiri sálfræðiþjónustu og sveigjanleika í þjónustumiðstöðinni. Nú er fjármagnið á Menntasviði og þjónustan á þjónustumiðstöð og því erfiðara um vik og meira mál að hafa þjónustuna og peningana á sitt hvorum staðnum.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Deildarstjóri sérkennslu skipuleggur sérkennsluna í samráði við umsjónarkennara.
- Vantar stefnumótun um hlutverk og ábyrgð umsjónarkennara gagnvart nemendum með sérþarfir.
- Sérkennarar og þroskaþjálfar gera einstaklingsnámskrár fyrir nemendur sem eru hjá þeim í sérkennslu.
- Skoða þarf aðstöðu til sérkennslu.

Táknmálssvið

Á heimasíðu skólans er að finna almennar upplýsingar um táknmálssvið, þar segir m.a.:

Á fundi fræðsluráðs Reykjavíkur 13. maí 2002 var samþykkt að Vesturhlíðarskóli og Hlíðaskóli yrðu sameinaðir í einn skóla undir heitinu Hlíðaskóli frá og með 1. september 2002. Táknmálssvið sameinaðs skóla tók við hlutverki Vesturhlíðarskóla og sinni þeim skyldum sem Reykjavíkurborg tók að sér með samningi dagsettum 19. desember 1997 um rekstur sérdeilda og sérskóla. Hlíðaskóli verður skóli án aðgreiningar með þjónustu fyrir alla nemendur sína miðað við þarfir þeirra og stöðu. Gert er ráð fyrir tvítyngi í skólastarfinu þar sem íslenska og táknmál eru jafnréttá mál. Áhersla er lögð á að sérhæfð kennsla og starfsemi Vesturhlíðaskóla verði óbreytt, en möguleikar á námslegum og félagslegum samskiptum við heyrandi jafnaldrar aukast við sameininguna. Táknmálssvið Hlíðaskóla á að þróa áfram sérhæfða kennslu vegna heyrnarlausra og heyrnarskertra nemenda og að þar verði miðstöð sérþekkingar á því sviði. Námskrá hefur verið unnin fyrir Táknmálssviðið og er hún sérstakur

kafli í námsskrá Hlíðaskóla. Hún tekur mið af almennri námsskrá Hlíðaskóla eftir því sem kostur er, en eðli málsins samkvæmt mun þurfa að víkja frá henni eftir einstaklingsþörfum nemenda.

Táknmálssvið Hlíðaskóla er rekið eins og skóli innan skólans. Berglind Stefánsdóttir hefur stýrt táknmálssviði frá því að Vesturhlíðaskóli sameinaðist Hlíðaskóla árið 2001. Nú í vetur eru nemendur á táknmálssviði 23. Allir nemendur táknmálssviðs tilheyra heyrandi bekk og sækja tíma að hluta eða í heild með þeim bekk. Þegar nemendur táknmálssviðs sækja tíma með heyrandi jafnöldrum fylgir þeim túlkur eða táknmálstalandi kennari. Á táknmálssviði er kennslumálið aftur á móti táknmál.

Í rýnihópum og viðtölum kemur víða fram að samstarf og sameining skólanna hafi ekki gengið eftir eins og væntingar stóðu til og tímabil samrunans verið erfitt fyrir bæði starfsmenn Hlíðaskóla og táknmálssviðs. Þar við bætist að samtímis samrunanum urðu skólastjóraskipti við Hlíðaskóla og jafnframt stóðu yfir viðamiklar byggingarframkvæmdir við skólann. Aðlögun hefur því ekki gengið sem skyldi á báða bóga og starfsfólk á táknmálssviði telur að þróun hafi verið lítil í þau fimm ár sem liðin eru frá sameiningu og skorti á að táknmálssvið sé viðurkennt sem eining innan skólans með sinni sérstöðu, „þetta ætti að vera skóli“ segir einn starfsmanna í rýnihópi.

Stjórnun og miðlun upplýsinga

Skólastjóri Vesturhlíðaskóla fékk stöðu aðstoðarskólastjóra við Hlíðaskóla og hlutverk samkvæmt starfslýsingu sem stjórnandi táknmálssviðs, næsti yfirmaður starfsfólks táknmálssviðs og þátttakandi í stjórnendateymi skólans. Þrátt fyrir það kemur fram að valdsvið hennar og ábyrgð hennar séu ekki jafnmikil og um var rætt í aðdraganda sameiningar, t.d. varðandi fjármál og mannaráðningar. Samskipti við skólastjóra eru takmörkuð, aðstoðarskólastjóri er ekki aðili að ákvörðunum sem varða skólann og þar með táknmálssviðið, heldur er henni tilkynnt um þær ákvarðanir. Ráðinn hefur verið deildarstjóri táknmálssviðs sem heldur utan um daglegt starf í deildinni, ekki liggur fyrir starfslýsing fyrir þá stöðu en verið er að vinna hana. Einnig kemur fram að upplýsingastreymi til stjórnanda og starfsmanna táknmálssviðs um viðburði í skólanum sé ekki sem skyldi.

Tvítýngi í skólastarfinu

Upphaflega var gert ráð fyrir að íslenska og táknmál yrðu jafnrétt há mál í skólanum. Haldin voru námskeið í táknmáli fyrir starfsmenn og nemendur skólans. Þau hafa síðan lagst af að mestu. Ólík sjónarmið eru uppi um að hve miklu leyti ber að viðhalda stefnu um tvítýngi og táknmál sem móðurmál á táknmálssviði. Í rýnihópi foreldra barna á táknmálssviði kemur fram það álit að þarfir heyrnarkertra séu ekki uppfylltar og ekki tekið tillit til þeirra. Foreldrar heyrnarkertra barna vilja leggja áherslu á að þau fái kennslu í íslensku eins og heyrandi, hjá heyrandi kennurum, og til þess þurfa þau góða hljóðvist og tækni sem hentar. Á táknmálssviði er aftur á móti fókusinn á táknmál og heyrnarlausu börnin en yngsta heyrnarlausu barnið er 14 ára.

Starfsmenn táknmálssviðs taka þátt í fundum og samstarfi skólans og eru að auki með mánaðarlega fundi með sínum stjórnanda. Heyrnarlausu kennararnir telja sig ekki einangraða í skólanum en fremur eins og þeir séu ekki fullgildir. „Kennarar á táknmálssviði eru í valdabaráttu, það er ekki tekið tillit til þeirra og lítil þekking til í skólanum um námsefni og aðferðir í kennslu fyrir heyrnarlausa“, segir í rýnihópi starfsmanna sviðsins. Fram kemur að erfitt er að finna tíma til að undirbúa, t.d. vetrarstarfið og starfsfólk vantar tíma til að þróa sitt sérsvið í starfinu. Þyrfti að vera sérstök símenntunaráætlun fyrir sviðið að þeirra mati. Nýir kennarar og starfsfólk koma inn án þess að fá stuðning eða handleiðslu og almennir kennarar úr Kennaraháskóla hafa ekki færni sem dugir til kennslu heyrnarlausra eða heyrnarkertra. Þörf er fyrir að búa til reynslubanka eða þekkingarbrunn svo betur gangi að gera skólann

tvítyngdan. Einnig þarf að halda utan um námsefni sem verður til í námi og kennslu heyrnarlausra og heyrnarskertra nemenda. Hlutverk skólatúlka þyrfti að skilgreina sérstaklega því það er ekki það sama að túlka fyrir börn og fullorðna.

Námsleg og félagsleg blöndun nemenda

Nemendahópurinn á táknmálssviði er ekki einsleitur og allir nemendur á táknmálssviði eru með einstaklingsmiðað nám. Fram kemur að oft er erfitt að púsla saman stundaskrá fyrir þessa nemendur sem eru stundum inni í bekk og stundum sér. Ef vel á að vera þarf að gera áætlun um hvernig tekið er á móti barni með miklar sérþarfir inn í bekk eða hóp.

Þar sem blöndun er mest, er tveggja kennara kerfi og teymiskennsla kennara og táknmálskennara. Dæmi um þetta er í einum 3. bekknum þar sem eru 6 heyrnarskertir nemendur í 19 nemenda hópi. Í bekknum er markvisst unnið eftir aðferðum sem henta þessum hópi og beitt sjónrænni nálgun fremur en heyrnrænni. Óánægja er með að nemendahópurinn blandast öðrum í árgangnum í hópastarfi 15 tíma í viku, þar eru þessar kennsluáðferðir og teymiskennslan ekki notaðar og því kennslan í þessum tímum ekki að nýtast nemendahópnum að mati umsjónarkennara þeirra og foreldra einnig.

Í öðrum bekkjum og árgöngum eru ekki jafnstórir hópar heyrnarskertra nemenda. Þar virðist vera minna um blöndun heyrnarlausra/heyrnarskertra nemenda og heyrandi. Í almennum skólastofum eru lítil merki um táknmálsumhverfi. Í vettvangsathugunum á miðstigi og í unglingadeild voru hvergi heyrnarlausir eða heyrnarskertir nemendur í tímum sem heimsóttir voru að því er séð varð. Eldri nemendur táknmálssviðs eiga ekki mikla samleið með jafnöldrum sínum námslega að mati kennara þeirra, auk þess sem kennsluhættir í unglingadeild henta þeim ekki, þar allir eru með sama námsefnið. Skólinn hefur gert lítið til að aðlagast sig að táknmálssviðinu og taka upp kennsluhætti sem henta nemendum þess.

Félagsleg blöndun gengur að mati flestra betur í yngri deildum en á unglingastigi þar sem hópurinn heldur sig mikið sér og samlagast lítið jafnöldrum sínum. Í rýnihópi kemur fram að það vanti leiðsögn fyrir nemendur á táknmálssviði í félagsfærni og félagslegum samskiptum sem þau læra ekki á sama hátt og heyrandi jafnaldrar þeirra. Viðhorf heyrandi til heyrnarlausra eru oft á tíðum neikvæð og lítil samskipti svo jaðrar við útilokun, fræðsla þyrfti að fara fram um fatlanir. Einnig er bent á að nemendur táknmálssviðs koma úr öllum hverfum borgarinnar og eiga því e.t.v. litla samleið utan skólatíma við jafnaldra sína í skólanum.

Foreldrasamstarf

Foreldrar á táknmálssviði taka þátt í foreldrastarfi Hlíðaskóli á sama hátt og aðrir foreldrar og mynda ekki sérhóp, nema e.t.v. sá hópur sem átti börn í Vesturhlíðaskóla. Foreldrar kvarta undan skorti á upplýsingum frá skólanum, t.d. um ferðir á vegum skólans.

Samskipti við foreldra heyrnarlausra og heyrnarskertra nemenda ganga vel að mati kennara. Foreldrar segjast líka ánægðir með samstarf við umsjónarkennara, en sumir kennarar sem einnig koma að kennslu barnanna hugsi ekki nemendamiðað og setji sig ekki inn í þarfir einstaklinga.

Ráðgjöf

Ráðgjafi fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn alls staðar á landinu er starfsmaður Hlíðaskóla. Ráðgjafinn fylgist vel með nemendum á táknmálssviði í skólanum, námi þeirra og blönduninni. Hún kemur einnig að skipulegi á táknmálssviði. Hún vinnur í nánú samstarfi við Heyrnar- og talmeinastöð.

Tæknibúnaður þarf að vera fyrir hendi til að komið verði til móts við þarfir heyrnarlausra og heyrnarskertra nemenda. Nefnt er að enn vanti hljóðkerfi, sjónvarp, upptökuvél og smart-töflur að mati starfsmanna til þörf sé fullnægt. Fjármunir til tækjakaupa eru af skornum skammti. Tækniver til framleiðslu á námsefni fyrir nemendur táknmálssviðs hefur ekki verið komið upp. Talað er um að fé sem átti að fylgja táknmálssviði inn í skólann hafi ekki skilað sér til sviðsins.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Endurskoða þarf stefnumótun um táknmálssvið með þarfir nemendahópsins í brennidepli.
- Skoða þarf stöðu stjórnanda táknmálssviðs og vinna að sátt um valdsvið og ábyrgð.
- Tryggja þarf að upplýsingar berist örugglega til starfsmanna og nemenda á táknmálssviði og taka í því tillit til sérstöðu þeirra.
- Setja þarf markmið og aðgerðabinda markvissa blöndun nemenda. Vinna þarf móttökuáætlun og þarfagreiningu fyrir nemendur á táknmálssviði í almennum bekk.
- Þróa þarf áfram markvissa teymiskennslu í blönduðum bekkjum.
- Gera þarf átak í félagslegri blöndun á unglingastigi.

Nemendur og líðan

Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur árið 2005 þar sem spurt var um líðan nemenda í kennslustundum var niðurstaðan í Hlíðaskóla sú að 57% nemenda svöruðu að þeim liði alltaf eða oftast vel í kennslustundum. Það er töluvert lægra en meðaltal allra grunnskólanna sem er 70% (sjá nánar í fylgiskjali 1, Hlíðaskóli og skólahverfi).

Í rýnihópum nemenda kemur fram að almennt líði nemendum vel í skólanum, en þau vita um einstaklinga sem líklega líður illa. Hóparnir sögðu frá bæði gerendum og þolendum eineltis og grófrar stríðni.

Í rýnihópi nemenda á unglingastigi kom upp umræða um uppstokkun bekkja milli 7. og 8. bekkjar. Krakkarnir skildu tilganginn en voru misánægð með framkvæmdina. Þau eiga að geta valið með hverjum þau eru í bekk en það virðist ekki virka alveg eins og til er ætlast.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Nemendum líður almennt vel í skólanum.
- Einelti virðist vera þekkt staðreynd meðal nemenda í skólanum.

Félagslíf og skemmtanir

Félagslíf er gott að mati nemenda, opið hús á vegum ÍTR 2-3 í viku, rekið í samráði við nemendaráðs skólans. Þátttaka í félagslífi skólans er góð að mati nemenda á miðstigi en ekki sérlega góð að mati nemenda á unglingastigi. Nemendur á miðstigi nota ekki mikið tilboð ÍTR í Framheimilinu. Einn starfsmaður skólans sér um félagsstarfið í samstarfi við tvo starfsmenn ÍTR. Auk þess eru skemmtanir fyrir allan nemendahópinn, s.s. 1. des. hátíð, danssýningar og fleira. Tónmenntakennari leggur mikið til félagslífs nemenda.

Borðtennisborð var í félagsaðstöðu, en það var eyðilagt og hefur ekki verið endurnýjað. Ákveðnir einstaklingar sem skemma kemur fram í rýnihópi.

Á þriggja ára fresti er fært upp stórt leikrit í skólanum og er það mikill viðburður.

Hjá nemendum kemur fram að gæsla í frímínútum sé ekki nægileg og slagsmál viðgangist, skólaliðar sem sjá um gæsluna grípa of sjaldan inn í og eiga stundum erfitt með að skilja samskipti barnanna, hugsanlega vegna tungumálaerfiðleika. Árekstrar verða m.a. vegna útdeilingar á fótboltavelli, hver bekkur á sinn tíma en stundum ríkir frumskógarlögmál um það hverjir á endanum nota völinn.

Að mati nemenda eru nemendur á táknmálssviði svolítið einangruð. Fram kom í rýnihópi að nemendum finnst þau læra of lítið táknmál til að geta haft samskipti við heyrnarlausa félagasína.

Nemendaráð

Nemendaráð er bara á unglingastigi en ekkert bekkjarráð á miðstigi. Kosið er í ráðið af nemendum og kennurum. Nemendur á táknmálssviði virðast ekki fá tækifæri til að bjóða sig fram. Nemendaráð fundar einu sinni í viku með kennurum og fulltrúa frá ÍTR. Að mati nemenda er nemendalýðræði ekki sérstaklega virkt í skólanum.

Nemendaráðið skipuleggur árshátíð nemenda og böll fyrir nemendur en ráðið virðist hafa litla aðkomu að þáttum sem viðkoma skólastarfinu. Fulltrúar í nemendaráðinu lýstu vilja til að fá að hafa meiri áhrif á skólastarfið.

Nemendaráðið er lítið kynnt innan skólans og stjórn skólans ekki í neinum tengslum við ráðið að mati þeirra. Skólastjóri kemur lítið að starfi nemendaráðs og „hún þekkir bara þá sem eru alltaf hjá henni“.

Nemendaráð kemur að hluta úr félagsmálavali og þar er fræðsla um lýðræðisleg vinnubrögð en aðrir hafa ekki fengið slíka fræðslu. ÍTR er með hópeflisfræðslu fyrir nemendaráð.

Óánægja er með hvernig skólinn kom að undirbúningi fyrir Skrekk, en skólinn vann þá keppni í ár. Nokkuð er um samanburð við það sem var áður (í tíð fyrrverandi skólastjóra) og talið verra núna, s.s. má ekki fara í utanlandsferðir og skólinn hefur ekki stutt við peysusölu nemenda líkt og áður var gert.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Fulltrúar í nemendaráði eru ekki nógu ánægðir með starf og virkni ráðsins.
- Stjórnendur skólans koma ekki á fundi nemendaráðs.
- Virkja þyrfti nemendaráðið í skólastarfinu og vinna að auknu nemendalýðræði.
- Huga þarf að því að nemendur á táknmálssviði eigi kost á því að eiga fulltrúa í nemendaráði.

Reglur og agi

Skólareglur eru birtar í handbók skólans, þær er einnig að finna í skólanámskrá en með öðru orðalagi. Í skólanámskrá segir að reglurnar séu kynntar nemendum á hverju ári og prentaðar í bæklinga sem forráðamenn fá afhenta á kynningarfundum að hausti svo og að þær hangi uppi í öllum skólastofum. Í vettvangsathugun kemur fram að skólareglur og/eða bekkjarreglur eru uppi við í stofum yngri bekkja og á miðstigi en síður eða ekki á áberandi stað í stofum unglingadeilda.

Sérstakar reglur eru um bann við notkun farsíma sem nemendur eru sumir hverjir ósáttir við.

Í upphafi skólaársins var hafin innleiðing á SMT- skólafærni þ.e. „jákvæður stuðningur við hegðun nemenda“ í Hlíðaskóla. Þar er lögð áhersla á að stuðla að bættri hegðun nemenda og draga úr óæskilegri hegðun með því að kenna og þjálfra félagsfærni, veita umbun fyrir æskilega hegðun og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Farið var yfir allar reglur SMT kerfisins og þær æfðar í bekkjum eftir þörfum. Nemendur safna klappmerkjum sem þeir fá fyrir góða hegðun og eru haldnar klappveislur þegar bekkurinn hefur safnað ákveðnum fjölda klappa.

Starfsmenn, bæði kennarar og aðrir tjá sig jákvætt um SMT-kerfið og telja það gott tækifæri þó þeir hafi ekki allir verið jákvæðir fyrir fram. Þeir telja kost að samræma viðbrögð starfsmanna við agabrotum og umbuna fyrir jákvæða hegðun. Helsti galli að mati þeirra er að innleiðing tekur mikinn tíma og er eina símenntunin í boði.

Nemendur eru misjákvæðir gagnvart SMT og telja það geta átt vel við fyrir yngra og miðstig en síður fyrir unglingana sem finnst það kjánalegt. Eldri nemendur eru líka ósáttir við að hafa ekki verið hafðir með í ráðum áður en kerfið var tekið í notkun.

Í rýnihópum komu fram ábendingar um erfiðan strákahóp í 8. bekk sem ekki hefur á sér gott orð. Ekki hefði tekist að ná tökum á hegðun þeirra. „Það er búið að slá öll vopn úr höndum skólans að eiga við svona börn ...“ kemur fram í rýnihópi.

Í vettvangsathugunum var almennt góður vinnufriður að mati athugenda bæði í eldri og yngri deildum og nemendur að vinna eftir fyrirmælum kennara.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Hafin er innleiðing SMT agakerfis með áherslu á jákvæðan stuðning við góða hegðun og samræmd viðbrögð við agabrotum.
- Skóla- og bekkjarreglur eru uppi við í flestum skólastofum.
- Almennt var góður vinnufriður í kennslustundum í vettvangsathugun.
- Erfiðlega hefur gengið að ná tökum á alvarlegum hegðunarmálum einstaklinga og hópa.
- Nemendur eiga lítinn þátt í að móta agareglur.

Fjarvera nemenda

Farið var yfir forföll nemenda á vorönn 2007 eftir bekkjum. Reiknað var hlutfall miðað við heildartíma fjölda á önninni. Almennt er fjarvera nemenda lítil sérstaklega í yngri bekkjum. Frá 6. bekk eykst fjarvera vegna veikinda og fer hæst í einum 9. bekk (10. bekk í ár) í 8.9%. Að nemendur mæti án heimanáms er fátítt nema í 7. bekk (8. bekk í ár), fer hæst í 1.4%. Brottrestur kemur varla fyrir, sést aðeins í einum 10. bekk á síðasta ári (0.1%) (sjá yfirlit yfir fjarveru, fylgiskjal 3).

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Skoða þarf hvað veldur því að einstaka bekkir skera sig úr með fjarveru og hvort tenging er við árangur nemenda.

Foreldrar, samskipti og upplýsingamiðlun

Foreldraráð fundar reglulega með skólastjórnendum einu sinni í mánuði og heldur auk þess fundi án þátttöku skólans. Fram kemur á heimasíðu að ráðið starfar eftir eigin starfsreglum. Samkvæmt þeim kemur það saman tvisvar sinnum í mánuði, annarvegur eitt og sér og hinsvegur á fundi með skólastjórn. Þá fundar foreldraráð með nemendaráði, kennararáði og skólastjórn tvisvar á vetri. Fundargerðir foreldraráðs eru birtar á heimasíðu skólans. Að auki tekur foreldraráð Hlíðaskóla þátt í starfi SAMFOK og Heimilis og skóla. Foreldraráðið gefur m.a. umsagnir um skipulag skólastarfs, skóladagatal og skólanámskrá. Ekki hafa þó allar áætlanir eða nýbreytni verið kynnt fyrir ráðinu og er hringekja nefnd sem dæmi um það. Skólanámskrá hefur verið í endurskoðun síðustu ár.

Foreldrafélag skólans er einnig virkt og styður við vel skólann, t.d. stóðu foreldrar fyrir því að kaupa smart-töflu í eina skólastofuna. Samskiptum foreldraráðs og foreldrafélags við skólann er lýst sem mjög góðum. Á vegum foreldrafélagsins eru starfandi nokkrar nefndir sem unnið hafa með skólanum og fyrir hann að ýmsum umbótum. Bekkjarfulltrúar eru starfandi í flestum bekkjardeildum en starfið er misvirkt og minnkar í eldri deildum. Dræm þátttaka er á fundi sem foreldrafélagið eða skólinn efnir til og erfitt að virkja foreldra. Best mæting hefur verið á haustfund.

Foreldrar vildu gjarnan vera virkari þátttakendur í daglegu starfi skólans, vettvangsferðum og slíku. Aðrir segja erfitt að virkja foreldra til slíks samstarfs.

Ánægja með skólann almennt mælist tæp 80% í könnun á vegum Menntasviðs sem er ívið lægra en meðaltal skóla í Reykjavík (83.3%) og hefur lækkað frá síðustu mælingu 2004 (86.8%) (Hlíðaskóli og skólaumhverfi, fylgiskjal 1). Foreldrar kunna líka vel að láta vita ef þeir eru óánægðir að mati rýnihóps kennara.

Samskipti við skólann, stjórnendur og kennara góð en ekki að sama skapi árangursrík. „Það þarf fagmennsku og hugmyndafræði til að hafa skólann góðan“ kemur fram í rýnihópi foreldra á táknmálssviði. Ekki er um að ræða sérstakt foreldrasamstarf foreldra heyrnarkertra barna.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Reglulegir fundir eru með skólastjórnendum og foreldraráði.
- Starf foreldraráðs er skipulegt og öflugt.
- Foreldrafélag styður vel við skólann.
- Leita þarf leiða til að virkja foreldra enn frekar til þátttöku í skólastarfi.
- Skoða þarf hvernig auka má ánægju foreldra með skólastarf.

Starfsmenn og líðan

Í vinnustaðagreiningu fyrir grunnskóla Reykjavíkur árið 2007 kemur fram að starfsfólk Hlíðaskóla er á heildina litið nokkuð ánægt í starfi sínu, sú fullyrðing mælist 3.92 (á starfhæfu bili)⁴ sem er þó heldur lægra en meðaltal grunnskóla í Reykjavík (4.03). Starfsánægja mælist

⁴ Niðurstöðum í vinnustaðagreiningu er skipt í þrjú svæði, styrkleikabil 4.20-5.00, starfhæft bil 3.70-4.19 og aðgerðabil 1.00-3.69.

heldur meiri við skólann árið 2007 en árið 2005 (3.78). Starfsmannavelta er 21% árið 2006 eða heldur meiri en að meðaltali í Reykjavík (sjá nánar í fylgiskjali 1, Hlíðaskóli og skólaumhverfi).

Í vinnustaðagreiningu vorið 2007 voru fimm hæstu fullyrðingar (allar á styrkleikabili):

- Ég legg mikið á mig til að koma vel fram við nemendur/börn og foreldra þeirra.
- Næsti yfirmaður minn sýnir mér skilning þegar ég þarf að sinna fjölskyldu- eða einkamálum.
- Þegar á heildina er lítið, hversu góð eða slæm eru samskipti þín við foreldra?
- Ég er stolt(ur) af starfi mínu.
- Ég á góða(n) vinkonu/vin í vinnunni.
- Ég get leitað til einhvers á mínum vinnustað/skóla þegar upp koma vandamál í tengslum við starf mitt.

Fimm lægstu fullyrðingar voru (allar á aðgerðabili):

- Mér finnst þau laun sem ég fæ sanngjörn miðað við ábyrgð mína í starfi.
- Hversu mikið eða lítið er vinnuálag þitt?
- Hefur þér oft eða sjaldan fundist þú vera þreytt(ur) sl. þrjá mánuði þegar þú stendur andspænis nýjum vinnudegi?
- Hefur þér oft eða sjaldan fundist þú vera útbrunnin(n) eða stressaður(uð í lok vinnudags sl. þrjá mánuði?
- Hve oft eða sjaldan hefur það komið fyrir á sl. þremur mánuðum að þú hafir þurft að vinna lengri vinnudag en þú gerðir ráð fyrir að morgni?

Í vinnustaðagreiningunni 2007 fær fullyrðingin „Mér finnst góður starfsandi á mínum vinnustað“ aðeins lægra meðaltalsgildi í Hlíðaskóla en í grunnskólum almennt (3,72 í Hlíðaskóla en 3,95 í grunnskólum almennt). Það er þó rétt að geta þess að gildi Hlíðaskóla við þessari spurningu hækka töluvert síðan við síðustu mælingu árið 2005, eða úr 3,03.

Í fullyrðingum sem mæla liðsheild og samvinnu fær Hlíðaskóli nokkuð lakari útkomu en grunnskólarnir almennt. Meðaltal fullyrðingarinnar „Starfsfólk á mínum vinnustað/skóla vinnur sem ein heild“ fær gildið 3,07 sem er töluvert lægra en meðaltal allra grunnskóla (3,61). Sama má segja um fullyrðingu er mælir hversu góð þverfagleg samvinna er á vinnustaðnum milli ólíkra starfshópa (3,28 í Hlíðaskóla miðað við 3,62 í grunnskólum almennt).

Samstarf

Starfsmannafundir eru haldnir reglulega á 3-4 vikna fresti. Undanfarið hafa þeir verið teknir undir kynningu á SMT-agakerfinu og telja einhverjir starfsmenn það miður og bitna á almennri umræðu og upplýsingamiðlun. Einnig eru haldnir kennarafundir. Allar deildir skólans hafa fasta samstarfsfundi þar sem tekin eru fyrir ýmis mál, s.s. námsefni, málefni nemenda og áherslur í kennslunni. Þar er tækifæri til að ræða starfið og oft sýnist sitt hverjum, kemur fram í rýnihópi. Samstarf kennara sem kenna saman í árgangi er mikið, þar er fjallað um skipulag og framkvæmd náms og kennslu. Sérgreinakennarar eru í minna samstarfi við aðra kennara og skipuleggja sína kennslu einir.

Heyrnarlausir kennarar kvarta undan að vera utan við hópinn og eins og þeir séu ekki fullgildir og t.d. ekki með í skipulagsvinnu. Hjá kennurum á táknmálssviði kemur fram að

meiri samvinnu vanti í tveggja kennara kerfi til að ná betri árangri. Starfsfólki á táknmálssviði finnst vanta stuðning „að ofan“ við þarfir sviðsins og nefna að stundum gleymist að panta túlk þegar á þarf að halda eða skilaboð komast ekki til þeirra um fundi eða viðburði.

Fram kemur að erfiðleikar séu í samskiptum við skólaliða en þeir eru flestir af erlendum uppruna. Einnig þarf að skoða samstarf kennara og stuðningsfulltrúa og skýra hvert er hlutverk stuðningsfulltrúa gagnvart nemendum og foreldrum.

Víða kemur fram að aðgengi að skólastjóra sé takmarkað, hún sé fjarlæg, það þurfi að panta tíma og samskipti fari aðeins fram um tölvupóst. Á móti kemur að hún tekur vel á móti fólki og hefur góða nærveru. Einnig að lítið sé um hrós frá stjórnendum en starfsfólk duglegt að hrósa hvert öðru.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Starfsmannafundir eru haldnir reglulega.
- Skýra þarf hlutverk stuðningsfulltrúa.
- Huga þarf að stöðu starfsmanna á táknmálssviði í starfsmannahópnum.
- Hrós er lítið frá stjórnendum að mati starfsmanna.

Starfsandi

Ánægja er með skólann sem vinnustað, gott fólk og góður starfsandi og mikill metnaður að mati starfsmanna. En vinnustaðurinn er stór og það tekur tíma fyrir nýtt fólk að kynnast og vita deili á öllum. Hópur kennara hefur kennt lengi við skólann og áður var hópurinn þrengri og samheldnin meiri. Nokkuð er um hópamyndun sem sumir telja jákvætt en aðrir neikvætt. Fram kemur að samstaða sé að aukast aftur en samheldni mætti vera meiri og ekki er alveg laust við baktal.

Kennarar nefna mikið álag og laun ekki í samræmi við kröfur. Það sem helst veldur álagi í starfi fyrir utan kjaramálin er hegðun einstaka nemenda, agaleysi og erfiðir bekkir eða hópar.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Ánægja er með skólann sem vinnustað, gott fólk, góður starfsandi.
- Vinna þarf að því að auka samstöðu og samheldni starfsmanna.
- Skoða þarf álag á kennara vegna hegðunar einstakra nemenda og erfiðra bekkja eða hópa.

Samskipti við nemendur og foreldra

Í flestum tilvikum ríkir gagnkvæm virðing milli kennara og nemenda og milli nemenda. Almennt eru nemendur góðir, alveg frábær hópur, kemur fram í rýnihópum, þó inn á milli séu erfiðir nemendur. Kennarar eru umburðarlyndir gagnvart erfiðum nemendum að mati rýnihóps og er nefndur einn árgangur sérstaklega, einnig kemur fram sú skoðun að skólinn mætti standa sig betur gagnvart þessum erfiðu nemendum. Allir tjá sig jákvætt um SMT-agakerfið og telja til bóta að allir starfsmenn taki á agamálum á sama hátt.

Umsjónarkennarar bera ábyrgð á samskiptum við foreldra og fylgjast náið með námi nemenda sinna og þroska. Kennarar hafa fastan viðtalstíma einu sinni í viku. Kennarar nota Mentor og heimaáætlanir eru settar á netið og hafa unglingadeildarkennarar verið fljótari en aðrir að

tileinka sér þá samskiptaleið. Sumir kennarar nota tölvupóst til að koma skilaboðum til foreldra.

Í handbók kemur fram að foreldradagar eru tveir á ári og nemendur fá vitnisburð þrisvar á ári.

Miðað við niðurstöður í vinnustaðagreiningunni 2007 metur starfsfólk Hlíðaskóla einnig samskipti við foreldra góð (Meðaltalið 4,34 í Hlíðaskóla við fullyrðingunni „Þegar á heildina er lítið, hversu góð eða slæm eru samskipti þín við foreldra?“ miðað við 4,32 í öllum grunnskólum)

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Almennt ríkir jákvætt viðhorf til nemenda og foreldra meðal starfsmanna.
- Upplýsingamiðlun til foreldra þarf að vera öflug og samræmd.

Fjarvera starfsmanna

Farið var yfir forföll starfsmanna á vorönn 2007. Þar sem fjarvera var skráð ýmist sem stundir (kennslustundir) eða dagar var farin sú leið að reikna fjarveru í 1 dag sem 5.4 kennslustundir.⁵ Að meðaltali var fjarvera kennara 36 kennslustundir á önninni⁶, undir fjarveru falla veikindi og leyfi vegna símenntunar eða af persónulegum ástæðum. Þetta þýðir að kennarar hafa að meðaltali verið fjarverandi tæpa 7 kennsludaga á vorönn 2007.

Upplýsingar komu ekki fram um fjarveru annarra starfsmanna.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Skoða þarf fjarveru kennara.

Tæki og gögn

Í vinnustaðagreiningunni 2007 mælist meðaltal svara starfsfólks Hlíðaskóla við fullyrðingunni „Ég hef þau tæki og gögn sem nauðsynleg eru til að sinna starfi mínu vel“ töluvert lægra en í grunnskólum almennt (3,07 í Hlíðaskóla en 3,52 í grunnskólum almennt).

Þetta kemur einnig fram í rýnihópum kennara og starfsmanna. Þar kemur m.a. fram að þó Aðalnámskrá geri ráð fyrir tæknikunnáttu þá sé þessi tækni ekki enn til staðar í skólanum, hér er væntanlega átt við tölvur og tölvuþekkingu. Talað er um lítið pláss og slæma nýtingu í vinnuaðstöðu kennara. Kennarar á táknmálssviði tala um að tæknibúnað, s.s. sjónvarp og upptökuvél vanti til að nemendur sviðsins geti notið náms við hæfi. Foreldrar gáfu snertiskjá (smart-töflu) í stofu hjá blönduðum bekk sem nýtist vel í kennslu.

Símenntun

Símenntun á skólaárinu er fyrst og fremst bundin við þátttöku í SMT-agakerfinu. Haldnir eru reglulegir fundir í tengslum við innleiðingu þess í skólanum. Almennt tjáðu starfsmenn sig af jákvæðni um kerfið. Í rýnihópi kennara kom einnig fram óánægja með að binda alla símenntun við einn þátt sem þýddi að þeir þyrftu að borga sjálfir velji þeir námskeið utan þess.

⁵ Kennsluskyldu, 27 stundir á viku, er deilt á 5 daga.

⁶ Vetrarorlof og barnsburðarleyfi eru þá ekki með talin.

Hlíðaskóli hefur töluvert lakari niðurstöðu í vinnustaðargreiningu 2007 um starfsþróun, þjálfun og fræðslu en grunnskólar almennt í borginni. Við fullyrðingunni „Ég fæ þá þjálfun og fræðslu sem nauðsynleg er til að standa mig í starfi“ fær Hlíðaskóli meðaltalsgildið 3,11 sem er lægsta gildið við þessari fullyrðingu í öllum grunnskólum borgarinnar. Fullyrðingin „Sú þjálfun og fræðsla sem ég hef fengið hefur nýst mér vel í starfi“ fær næstlægsta gildi í Hlíðaskóla í greiningunni af öllum grunnskólum (3,79 í Hlíðaskóla, lægsta gildi er 3,78, meðaltal allra grunnskóla er 4,12). Fullyrðingin „Nýir starfsmenn fá nauðsynlega þjálfun og fræðslu í upphafi starfstíma“ fær einnig töluvert lægra gildi í Hlíðaskóla (3,02) en í grunnskólum almennt (3,35).

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2007-2008 liggur ekki fyrir.
- Athuga þarf að koma til móts við óskir starfsmanna um fjölbreytta símenntun.

Stjórnun og skipulag

Skrifstofa skólans er á 2. hæð skólahússins og ekki í beinum tengslum við inngang. Aðalinngangur er ekki merktur né leið að skrifstofu þegar inn er komið. Fyrir gesti er ekki augljóst hvert á að leita eða hvar gengið skal inn þegar komið er að skólanum.

Skólastjóri er áhugasöm og stórhuga og hún hefur góða nærveru, kemur fram í rýnihópum. Stjórnunarstíllinn er lýðræðislegur. Líka kemur fram að hún sé fjarlæg, erfitt að ná til hennar og stressuð í stórum hópi og fer þá í vörn. Hún er viðræðugóð en síðan gerist ekkert, kemur líka fram. Að mati nemenda er skólastjóri of lítið sýnilegur og „hún þekkir engan“, en þau sjá aðstoðarskólastjórann oft.

Skólastjóri ásamt aðstoðarskólastjórum skipta með sér verkum og hafa verklýsingu þar sem gerð er grein fyrir ábyrgðarsviði hvernar um sig. Fundir stjórnendateymis eru haldnir einu sinni í viku, í teyminu eru auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, deildarstjóri sérkennslu, deildarstjóri táknmálssviðs, deildarstjóri unglingadeildar, umsjónarmaður húss og skrifstofustjóri og eru samskipti mikil og góð að sögn stjórnenda. Fundir stjórnenda eru þó ekki boðaðir með dagskrá og fyrsta árið sem nýr skólastjóri starfaði voru ekki formlegir fundir stjórnenda. Staða stjórnanda táknmálssviðs er þó óljós og hún hefur að eigin mati ekki vald og ábyrgð í samræmi við væntingar.

Fullyrðingin „Mínum vinnustað er vel stjórnað“ fær töluvert lakara gildi í Hlíðaskóla í vinnustaðargreiningunni 2007 en í grunnskólum almennt (3,16 í Hlíðaskóla miðað við meðaltalsgildi allra grunnskóla sem er 3,73). Traust starfsmanna á næsta yfirmanni mælist einnig nokkuð lægra í greiningunni en meðaltal allra grunnskóla segir til um (3,87 í Hlíðaskóla miðað við 4,20 sem er meðaltalsgildi allra grunnskóla). Fullyrðingin „Næsti yfirmaður minn drífur verkefni áfram“ mælist einnig töluvert lakari í Hlíðaskóla en grunnskólum almennt (3,43 í Hlíðaskóla borið saman við meðaltalsgildi allra grunnskóla 3,87).

Fullyrðingin „Ákvarðanir eru teknar á faglegum forsendum á mínum vinnustað/skóla“ mælist einnig nokkuð lægri í Hlíðaskóla en almennt í grunnskólum borgarinnar (3,44 í Hlíðaskóla en 3,87 sem er meðalsgildi allra grunnskóla).

Spurningar er mæla umboð starfsfólks til athafna mælast heldur lægri í Hlíðaskóla en grunnskólum almennt í vinnustaðargreiningunni 2007. Fullyrðingin „Ég er hvattur/hvött til að

koma með nýjar hugmyndir um hvernig gera má betur“ fær heldur lægra meðaltals gildi í Hlíðaskóla en í grunnskólum almennt (3,17 í Hlíðaskóla en 3,65 í grunnskólum almennt).

Stefnumótun

Stefna Hlíðaskóla kemur ekki nógu skýrt fram í skólanámskrá. Hjá foreldrum kemur fram að þeim finnst stefnan ekki nógu skýrt sett fram og fyrir kennurum og starfsmönnum er stefnan ekki heldur ljós. Skólanámskrá er að grunni til 2-3 ára gamalt plagg og er í endurskoðun. Í handbók skólans koma fram uppeldisfræðileg markmið skólastarfsins og þar er að finna upplýsingar um skipulag og starfsemi skólans sem byggja á upplýsingum úr skólanámskrá.

Námsvísar eiga að birtast á heimasíðu eftir því sem segir í handbók, en var þar ekki að finna við athugun í nóvember, ýmist voru engar upplýsingar um námsgreinar eða þær voru frá vorönn 2006. Námsvísar eru afhentir á námskynningum að hausti.

Kennarar nefna áherslu á að bæta líðan nemenda og áherslu á list- og verkgreinar sem dæmi um stefnu og sérstöðu skólans.

Starfsmenn Hlíðaskóla virðast vera nokkuð óánægðari með stefnu síns skóla í skólamálum en starfsmenn almennt í grunnskólum. Spurningin „Hversu ánægður eða óánægður ert þú með markmið eða stefnu þíns vinnustaðar/skóla í skólamálum?“ mælist lengra í átt að óánægju hjá starfsmönnum Hlíðaskóla en grunnskólum almennt (Gildið er 3,14 í Hlíðaskóla miðað við 3,77 í grunnskólum almennt). Samkvæmt mælingunni virðast starfsmenn Hlíðaskóla einnig meta það sem svo að þeirra vinnustað gangi verr að framfylgja stefnu Reykjavíkurborgar í menntamálum en meðaltalsgildi allra grunnskóla segir til um (3,47 í Hlíðaskóla miðað við 3,86 meðaltalsgildi í grunnskólum almennt).

Samkvæmt mælingunni virðast starfsmenn Hlíðaskóla eiga erfiðara með að sækja faglega ráðgjöf/stuðning í tengslum við starfið en starfsmenn í grunnskólum almennt (Spurningin „Átt þú auðvelt eða erfitt með að sækja faglega ráðgjöf/stuðning í tengslum við starf þitt á vinnustaðnum“ fær meðaltalsgildið 3,29 í Hlíðaskóla miðað við 3,64 í grunnskólum almennt).

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Setja þarf stefnu Hlíðaskóla skýrar fram og gera aðgengilega.
- Skólastóri og aðstoðarskólastjórar og hafa skýra verklýsingu.
- Vinna þarf að sátt um stjórnun táknmálssviðs.
- Vinna þarf með niðurstöður vinnustaðagreiningar hvað varðar afstöðu starfsmanna til stjórnunar skólans.
- Skólastjóri þarf að vera sýnilegri að mati nemenda.
- Merkja þarf aðkomu að skólanum og leið að skrifstofu.

Heimasíða

Heimasíða skólans er uppfærð reglulega og fréttir settar inn jafnt og þétt að því er virðist. Hún er nokkuð aðgengileg og auðvelt að átta sig á hvar upplýsingar er að finna. Upplýsingar eru um sérkennslu en ekki um kennslu nýbúa. Undirsíða er um táknmálssvið þar sem koma fram upplýsingar um sameiningu, hugmyndafræði og hlutverk sviðsins. Undirsíða er einnig um starfsemi foreldrafélags og starfsreglur foreldraráðs, fundargerðir foreldraráðs eru birtar.

Skólanámskrá fannst ekki á síðunni og námsvísar fyrir greinar og árganga voru ekki þar sem er undirsíða um nám og kennslu. Góðar upplýsingar eru um listasmiðju.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Heimasíða skólans er uppfærð reglulega og fréttir settar inn jafnt og þétt.
- Síðan er aðgengileg og nokkuð auðvelt að átta sig á hvar upplýsingar er að finna.
- Ekki fundust aðgengilegar upplýsingar um:
 - Stefnu skólans, skólanámskrá og námsvísa, samstarf heimila og skóla, félagsstarf nemenda, upplýsingar fyrir nýbúa, sjálfsmat og umbótaáætlun

Skólanámskrá

Skólanámskrá Hlíðaskóla er viðamikil plagg. Hún er að grunni til frá árinu 2003-2004. Námsvísar fyrir námsgreinar og árganga eru hluti skólanámskrárinnar, ekki er alveg ljóst hvort þar er um að ræða nýja námsvísa eða eldri. Sama gildir um aðra kafla skólanámskrárinnar að ekki er ljóst hvort endurskoðun hefur átt sér stað, sjá meðfylgjandi gátlista um skólanámskrá. Skólanámskráin er ekki birt á heimasíðu skólans.

Handbók skólans er gefin út árlega, þar er að finna skipurit skólans, skóladagatal, upplýsingar til foreldra um skólastarf, s.s. helstu viðburði, skólareglur, félagslíf nemenda o.fl. Lýsing á stefnu skólans kemur þó ekki fram, né markmið skólastarfs nema uppeldisleg markmið sem koma fram í skólanámskrá. Handbókinni er dreift til foreldra og kennara.

Fram kemur að námsvísunum er dreift til foreldra á kynningarfundum að hausti en þeir eru ekki aðgengilegir á heimasíðu. Í flestum þeim námsvísunum sem lagðir voru fram í skólanámskrá er aðeins fjallað um markmið greina og árganga en ekki um aðra þætti s.s. kennsluhætti og námsmat.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Brýnt er að ljúka endurskoðun skólanámskrár og birta hana foreldrum og starfsfólki.
- Gefnir eru út námsvísar fyrir hvern árgang, þá þarf að gera aðgengilega á heimasíðu.
- Fjalla þarf um stefnumótun skólans, og veita upplýsingar um nám og kennslu og námsmat.

Sjálfsmat og umbótaáætlun

Sjálfsmatsskýrsla hefur ekki verið unnin í Hlíðaskóla og litlar upplýsingar liggja fyrir um hvernig unnið hefur verið að sjálfsmati í skólanum. Fyrir liggja upplýsingar um fjögur matsverkefni sem unnið var að, þau eru: mat á námskeiðinu skólafærni, málþroskakönnun fyrir alla nemendur í 1. bekk, Tove Krogh próf lagt fyrir alla nemendur í 1. bekk og skólanámskrá Hlíðaskóla. Sett eru fram markmið, matsspurningar, styrk- og veikleikagreining og umbótaáætlun fyrir hvert verkefni. Einnig liggur fyrir umbótaáætlun fyrir 2006-2007 þar sem kemur fram að unnið er að sjö markmiðum sem eru: að auka tölvufærni kennara, að bæta agamál, að bæta umgengni nemenda um skólahúsið, að efla lestrarkunnáttu nemenda, að bæta mætingar nemenda í unglingadeild, að koma á þriggja anna kerfi, að bæta árangur nemenda í stærðfræði. Tilgreindar eru aðgerðir, ábyrgð, tímaáætlun og mælikvarði á árangur. Ekki liggur fyrir að hve miklu leyti þessar áætlanir hafa gengið eftir.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Sjálfsmatsskýrsla hefur ekki verið gefin út.
- Leggja þarf áherslu á að uppfylla kröfur um faglegt sjálfsmat og byggja á viðmiðum menntamálaráðuneytis.

Húsnæði og aðbúnaður

Viðbygging við skólann var tekin í notkun 2006 og er almennt lýst ánægju með skólahúsið, þó heyrist einnig að það sé óhentugt og of þröngt sums staðar og vanti veggpláss. List- og verkgreinakennarar eru ánægðir með sínar stofur en leiklistarkennari þarf oft að víkja með sín gögn fyrir annarri starfsemi í salnum. Vinnuaðstaða kennar er talin of lítil og tengsl hennar við kaffistofu ókostur.

Skólalóð hefur verið endurgerð og er því verki nánast lokið.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

Eftirtalin atriði voru nefnd sem þarfnast umbóta varðandi húsnæði og aðbúnað:

- Tölvukostur er ekki góður.
- Vantar búr við heimilisfræðistofu.
- Tæki í eldhúsi eru fulllítill miðað við stærð mötuneytis.
- Bæta þarf vinnuaðstöðu stuðningsfulltrúa, vantar stóla fyrir þá í stofum.
- Vantar salerni fyrir starfsfólk.
- Vantar herbergi fyrir ræstivörur.
- Skólalóðin og umsjón með henni, húsvörður sinni lóðinni.
- Lýsing þyrfti að vera meiri á lóðinni.
- Ný gönguljós hafa ekki virkað sem skyldi.

Greining

Styrkleiki skólans liggur í skipulagi samstarfs á yngsta stigi/hópastarfi, öflugri og blómlegri list- og verkgreinakennslu og mikilli reynslu og stöðugleika í hópi kennara og annarra starfsmanna.

Veikleiki skólans liggur í ákveðnum þáttum stjórnunar. Stjórnendur hafa ekki verið nægilega samtaka í stjórnun. Skólastjóri virðist í litlum tengslum við nemendur. Stefnumótun er ekki skýrt mörkuð. Táknmálssvið hefur ekki þróast sem hluti af skólaheildinni.

Ögranir liggja í því að skólinn er stór og flókin stofnun. Táknmálssviðið þarfnast nýrrar stefnumörkunar og vinna þarf með viðhorf nemenda og starfsmanna til samstarfsins sem gefandi þáttar í skólastarfinu. Ögrun liggur líka í fjölda fatlaðra nemenda og aðlögun náms og kennslu að þeirra þörfum.

Tækifæri liggja í því að í skólanum eru góðir nemendur og jákvætt foreldrasamfélag. Styrkja þarf enn frekar góðan árangur nemenda og þróa nám í unglingadeild í takt við það sem gert hefur verið á yngri stigum. Tækifæri liggja einnig í innleiðingu SMT-agakerfis og samvinnu allra starfsmanna að því.

Samantekt ábendinga

Nám og kennsla

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Árangur nemenda í lestri í 2. bekk er lakari árið 2007 en árið á undan og meðalárangur er heldur lægri en í Reykjavík í heild. Mikilvægt er að skoða þann mun sem kemur fram milli ára. Sóknarfæri er fyrir skólann að bæta árangur nemenda í lestri, ekki síst þeirra sem lakast standa.
- Góður meðalárangur er í stærðfræðiskimun í 3. bekk 2007 en þó er árangur aðeins lakari en árið á undan. Ástæða er til að huga vel að stærðfræðinámi í yngri deildum.
- Nemendum fer eðlilega fram í námi í íslensku milli 7. og 10. bekkjar og milli 4. og 7. bekkjar.
- Í stærðfræði eru framfarir yfir venjulegum framförum milli 7. og 10. bekkjar og milli 4. og 7. bekkjar sem bendir til styrkleika í stærðfræðikennslu.
- Námsvísar með markmiðum fyrir árganga í öllum greinum eru birtir í skólanámskrá og afhentir foreldrum á kynningarfundum að hausti.
- Í námsvísunum í skólanámskrá er ekki fjallað um leiðir í kennslu eða námsmat.
- Kennarar í unglingadeild gera kennsluáætlun fyrir önnina. Áætlunin gildir fyrir árganginn. Gerðar eru vikuáætlanir fyrir yngri deildir.
- Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt.
- Skipurit skólans er birt í handbók skólans.
- Upplýsingar um val nemenda koma ekki fram í handbók eða skólanámskrá.
- Almennt mátti sjá styrka stjórn kennara og vinnufrið í stofum sem heimsóttar.
- Þróunarstarf hefur verið unnið með hópastarf í yngri deildum.
- Skoða þarf hvort og hvernig hópastarf hentar heyrnarskertum nemendum.
- Kennsluhættir á unglingastigi virðast hefðbundnir, þ.e. allur hópurinn að vinna eftir einni skipan. Skoða þarf hvort komið er til móts við þarfir allra nemenda
- Taka þarf markviss skref í átt að því að nám verði einstaklingsmiðaðra og nemendur fái nám við hæfi.
- Þróað verði fjölbreytt námsmat í öllum árgöngum.

- Deildarstjóri sérkennslu skipuleggur sérkennsluna í samráði við umsjónarkennara.
- Vantar stefnumótun um hlutverk og ábyrgð umsjónarkennara gagnvart nemendum með sérþarfir.
- Sérkennarar og þroskaþjálfar gera einstaklingsnámskrár fyrir nemendur sem eru hjá þeim í sérkennslu.
- Skoða þarf aðstöðu til sérkennslu.

Táknmálssvið

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Endurskoða þarf stefnumótun um táknmálssvið með þarfir nemendahópsins í brennidepli.
- Skoða þarf stöðu stjórnanda táknmálssviðs og vinna að sátt um valdsvið og ábyrgð.
- Tryggja þarf að upplýsingar berist örugglega til starfsmanna og nemenda á táknmálssviði og taka í því tillit til sérstöðu þeirra.
- Setja þarf markmið og aðgerðabinda markvissa blöndun nemenda. Vinna þarf móttökuáætlun og þarfagreiningu fyrir nemendur á táknmálssviði í almennum bekk.
- Þróa þarf áfram markvissa teymiskennslu í blönduðum bekkjum.
- Gera þarf átak í félagslegri blöndun á unglingastigi.

Nemendur og líðan

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Nemendum líður almennt vel í skólanum.
- Einelti virðist vera þekkt staðreynd meðal nemenda í skólanum.
- Fulltrúar í nemendaráði eru ekki nógu ánægðir með starf og virkni ráðsins.
- Stjórnendur skólans koma ekki á fundi nemendaráðs.
- Virkja þyrfti nemendaráðið í skólastarfinu og vinna að auknu nemendalýðræði.
- Huga þarf að því að nemendur á táknmálssviði eigi kost á því að eiga fulltrúa í nemendaráði.
- Hafin er innleiðing SMT agakerfis með áherslu á jákvæðan stuðning við góða hegðun og samræmd viðbrögð við agabrotum.
- Skóla- og bekkjarreglur eru uppi við í flestum skólastofum.
- Almennt var góður vinnufriður í kennslustundum í vettvangsathugun.
- Erfiðlega hefur gengið að ná tökum á alvarlegum hegðunarmálum einstaklinga og hópa.
- Nemendur eiga lítinn þátt í að móta agareglur.
- Skoða þarf hvað veldur því að einstaka bekkir skera sig úr með fjarveru og hvort þær tengjast árangri nemenda.

Foreldrar, samskipti og upplýsingamiðlun

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Reglulegir fundir eru með skólastjórnendum og foreldraráði.
- Starf foreldraráðs er skipulegt og öflugt.
- Foreldrafélag styður vel við skólann.
- Leita þarf leiða til að virkja foreldra enn frekar til þátttöku í skólastarfi.
- Skoða þarf hvernig auka má ánægju foreldra með skólastarf.

Starfsmenn og líðan

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Starfsmannafundir eru haldnir reglulega.
- Skýra þarf hlutverk stuðningsfulltrúa.
- Huga þarf að stöðu starfsmanna á táknmálssviði í starfsmannahópnum.
- Hrós er lítið frá stjórnendum að mati starfsmanna.
- Ánægja er með skólann sem vinnustað, gott fólk, góður starfsandi.
- Vinna þarf að því að auka samstöðu og samheldni starfsmanna.

- Almennt ríkir jákvætt viðhorf til nemenda og foreldra meðal starfsmanna.
- Upplýsingamiðlun til foreldra þarf að vera öflug og samræmd.
- Skoða þarf fjarveru kennara.
- Símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2007-2008 liggur ekki fyrir.
- Athuga þarf að koma til móts við óskir starfsmanna um fjölbreytta símenntun.
- Skoða þarf álag á kennara vegna hegðunar einstakra nemenda og erfiðra bekkja eða hópa.

Stjórnun og skipulag

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Setja þarf stefnu Hlíðaskóla skýrar fram og gera aðgengilega.
- Skólastjóri og aðstoðarskólastjórar hafa skýra verklýsingu.
- Vinna þarf að sátt um stjórnun táknmálssviðs.
- Vinna þarf með niðurstöður vinnustaðagreiningar hvað varðar afstöðu starfsmanna til stjórnunar skólans.
- Skólastjóri þarf að vera sýnilegri að mati nemenda.
- Merkja þarf aðkomu að skólanum og leið að skrifstofu.
- Heimasíða skólans er uppfærð reglulega og fréttir settar inn jafnt og þétt.
- Síðan er aðgengileg og nokkuð auðvelt að átta sig á hvar upplýsingar er að finna.
- Ekki fundust aðgengilegar upplýsingar um:
 - Stefnu skólans, skólanámskrá og námsvísa, samstarf heimila og skóla, félagsstarf nemenda, upplýsingar fyrir nýbúa, sjálfsmat og umbótaáætlun
- Brýnt er að ljúka endurskoðun skólanámskrár og birta hana foreldrum og starfsfólki.
- Gefnir eru út námsvísar fyrir hvern árgang, þá þarf að gera aðgengilega á heimasíðu.
- Fjalla þarf um stefnumótun skólans, og veita upplýsingar um nám og kennslu og námsmat.
- Sjálfsmatsskýrsla hefur ekki verið gefin út.
- Leggja þarf áherslu á að uppfylla kröfur um faglegt sjálfsmat og byggja á viðmiðum menntamálaráðuneytis.

Húsnæði og aðbúnaður

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

Eftirtalin atriði voru nefnd sem þarfnast umbóta varðandi húsnæði og aðbúnað:

- Tölvukostur er ekki góður.
- Vantar búr við heimilisfræðistofu.
- Tæki í eldhúsi eru fulllitið miðað við stærð mötuneytis.
- Bæta þarf vinnuáðstöðu stuðningsfulltrúa, vantar stóla fyrir þá í stofum.
- Vantar salerni fyrir starfsfólk.
- Vantar herbergi fyrir ræstivörur.
- Skólalóðin og umsjón með henni, húsvörður sinni lóðinni.
- Lýsing þyrfti að vera meiri á lóðinni.
- Ný gönguljós hafa ekki virkað sem skyldi.

Heimildir

Einsetning grunnskóla Reykjavíkur 1994-2002. 2002. Reykjavík: Fasteignastofa Reykjavíkurborgar, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Handbók Hlíðaskóla 2007-2008. Reykjavík: Hlíðaskóli

Niðurstöður lesskimunar í 2. bekk. Hlíðaskóli vorið 2007. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Niðurstöður úr Talnalykli haust 2006 fyrir Hlíðaskóla. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2007. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Vinnustaðagreining Capacent Gallup fyrir Grunnskóla Reykjavíkur 2007. Hlíðaskóli – kynning mars-apríl 2007.

www.hlidaskoli.is